

24. MAÍ
2024

HARPA
ELDBORG

Johan Dalene leikur Korngold

RAUÐ TÓNLEIKARÖÐ



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt
á farsímum meðan á
tónleikum standur.

Tónleikagestir eru beðnir um
að klappa aðeins í lok tónverka.

Tímalengd verka

Forleikur: 9'

Fiðlukonsert: 25'

Konsert fyrir hljómsveit: 37'

Tónleikarnir eru hljóðritaðir af RÚV og verða sendir út á Rás 1 þann 30. maí.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna
lagalista með allri tónlist starfsársins.

Johan Dalene leikur Korngold

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 24. MAÍ KL. 19:30

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Andrew Manze
hljómsveitarstjóri

Johan Dalene
einleikari

Samuel Barber

The School for Scandal, forleikur op. 5 (1931)

Erich Wolfgang Korngold

Fiðlukonsert í D-dúr, op. 35 (1937-39, 1945)

Moderato nobile

Romance

Finale: Allegro assai vivace

Hié

Béla Bartók

Konsert fyrir hljómsveit (1943)

Introduzione: Andante non troppo – Allegro vivace

Giucoco delle coppie: Allegretto scherzando

Elegia: Andante non troppo

Intermezzo interrotto: Allegretto

Finale: Pesante – Presto

For information in English about tonight's programme,
please visit the Iceland Symphony Orchestra website:
en.sinfonia.is.



© Chris Christodoulou

Andrew Manze

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Englendingurinn Andrew Manze er einn af helstu hljómsveitarstjórum sinnar kynslóðar, annálaður fyrir smitandi orku á stjórnandapallinum og yfirgripsmikla þekkingu sína á tónbókmenntunum. Hann var aðalhljómsveitarstjóri NDR útvarpshljómsveitarinnar í Hannover á árunum 2014–23 og stýrði þar áður Sinfóníuhljómsveit Helsingborgar í tæpan áratug. Hann er nú aðalgeststjórnandi Konunglegu fílharmóníusveitarinnar í Liverpool en hefur auk þess starfað með ýmsum helstu hljómsveitum austan hafs og vestan, svo sem Þýsku símfóníuhljómsveitinni í Berlín, Fílharmóníusveit Münchenar, Konunglegu fílharmóníusveitinni í Stokkhólmi, Finnsku útvarpshljómsveitinni, Fílharmóníusveit Óslóar, Concertgebouw-hljómsveitinni, Sinfóníuhljómsveitinni í Boston og Fílharmóníusveitinni í Los Angeles. Í sumar mun hann stjórna tvennum tónleikum með verkum eftir Mozart á tónlistarhátíðinni í Salzburg.

Eftir nám í klassískum fræðum við Cambridge-háskóla snéri Manze sér að fiðluleik og varð á skömmum tíma leiðandi á sviði upprunaflutnings tónlistar, meðal annars sem listrænn stjórnandi The English Concert á árunum 2003–2007. Hann hefur unnið að nýjum útgáfum verka eftir Bach og Mozart fyrir forlögin Bärenreiter og Breitkopf & Härtel auk þess sem hann heldur fyrirlestra víða og kemur reglulega fram í útvarpi og sjónvarpi. Manze sótti Ísland fyrst heim árið 1998 og lék þá á Sumartónleikum í Skálholtskirkju. Hann snéri aftur haustið 2013 til þess að stjórna Sinfóníuhljómsveit Íslands í Eldborg og kemur nú fram með hljómsveitinni í annað sinn.




Johan Dalene

Einleikari

Johan Dalene er af sænsku og norsku bergi brotinn og hefur þegar vakið heimsathygli fyrir fiðluleik sinn, þótt hann sé aðeins 23 ára gamall. Til marks um það má nefna að tímaritið *Gramophone* valdi hann nýlega á lista yfir tíu tónlistarmenn sem líklegir eru til að hafa mótandi áhrif á flutning klassískrar tónlistar á 21. öld.

Johan hóf fiðlunám fjögurra ára gamall og kom fyrst fram sem einleikari með hljómsveit þremur árum síðar. Hann tók þátt í svokölluðu Crescendo-prógrammi fyrir unga tónlistarmenn í Noregi árið 2018 þar sem hann naut handleiðslu Janine Jansen, Leifs Ove Andsnes og Gidons Kremer. Ári síðar sigraði hann í Carl Nielsen fiðlukeppninni, var skömmu síðar útnefndur New Generation Artist af Breska ríkisútvarpinu (BBC) og hélt fjölda tónleika á vegum þess næstu þrjú árin. Samtök evrópskra tónlistarhúsa (ECHO) völdu hann „Rísandi stjörnu“ tónleikaárið 2021–22 og hann hélt þá tónleika í ýmsum helstu konsertsölum álfunnar, svo sem í Vín, Amsterdam, Barselóna, Hamborg og París. Á yfirstandandi starfsári er hann staðarlistamaður hjá sinfóníuhljómsveitinni í Gävle í Svíþjóð og hjá Konunglegu fílharmóníusveitinni í Liverpool.

Johan leikur á Stradivarius fiðlu frá 1725, "Duke of Cambridge, ex Louis Spohr, ex Camilla Wicks", sem hann hefur að láni frá Anders Sveaas' Almennyttige Fond.



Samuel Barber

THE SCHOOL FOR SCANDAL, FORLEIKUR

Samuel Barber (1910–1981) var ungur að árum og enn í námi við Curtis tónlistarháskólann í Filadelfíu þegar hann samdi forleikinn að *The School for Scandal*, fyrsta verk sitt fyrir stóra hljómsveit, árið 1931. Fyrir það hlaut hann hin virtu Joseph H. Bearn's verðlaun, sem ætluð eru ungum bandarískum tónskáldum, og var þetta í annað sinn sem Barber hreppti þau.

The School for Scandal er leikrit eftir írsk-enska 18. aldar leikskáldið Richard Brinsley Sheridan; kostulegur gamanleikur um slúður, kjaftasögur og alls kyns misskilning í kringum ástamál. Tónverk Barbers var ekki samið fyrir sýningu á verkinu heldur er það eins konar tónaljód innblásið af því. Þarna eru flækjur og undirferli en einnig heiðríkar lýrískar hendingar – allt er þetta listilega fléttuð og skrifað út með litríkum hætti fyrir hljómsveitina.

Forleikurinn vakti athygli þegar hann var frumfluttur árið 1933 af Filadelfíu-hljómsveitinni; sú velgengni gaf tónskáldinu unga byr í seglin og hvatti hann til frekari skrifa fyrir hljómsveit. Þremur árum síðar var fyrsta sinfónía hans, *Sinfónía í einum þætti*, frumflutt í Róm við góðar undirtektir og árið 1938 flutti NBC útvarpshljómsveitin í Bandaríkjunum tvö verk eftir hann undir stjórn Arturos Toscanini. Annað þeirra var *Adagio fyrir strengi* sem sló rækilega í gegn og er enn í dag þekktasta hljómsveitarverk Barbers.

Tónlistin á Íslandi

Hérlendis hljómaði
The School for Scandal
fyrst á tónleikum
Sinfóníuhljómsveitar
Íslands á Listahátíð 1990
undir stjórn Gunthers
Schuller. Verkið var aftur á
dagskrá hljómsveitarinnar
í júní 2009 þegar
Hannu Lintu hélt um
tónsprotann.



Béla Bartók

KONSERT FYRIR HLJÓMSVEIT

Béla Bartók (1881–1945) var fæddur í Nagyszentmiklós, litlum bæ sem þá var í Ungverjalandi en er nú í Rúmeníu. Á unglingsárum hans bjó fjölskyldan í borginni Pozsony, sem nú heitir Bratislava og er í Slóvakíu, en tvítugur að aldri fluttist Bartók til Búdapest þar sem hann átti heima í hartnær fjörutíu ár, allt þar til hann settist að í Bandaríkjunum árið 1940. Á uppvaxtar- og ungdómsárum Bartóks var Ungverjaland hluti austurrísk-ungverska keisara-dæmisins sem taldi innan sinna vébanda margar þjóðir. Menning svæðisins var eftir því fjölbreytt og í stærri bæjum mátti heyra talað á ýmsum tungum. En þetta voru einnig tímar vaknandi þjóðerniskenndar og vitundar um þjóðlega menningu. Bartók upptendraðist af áhuga á ungverskum þjóðlögum og komst fljótlega að því að mikill fjársjóður bjó einnig í tónlistararfi annarra þjóðarbrotta. Hann fór í leiðangra um landið og skrifaði upp og hljóðritaði söngva bændafólks á ungversku, rúmensku, slóvakísku og búlgörsku. Seinna hélt hann enn lengra í söfnunarferðir, svo sem til Tyrklands og Alsír. Reynsla hans af þessari tónlist, rannsóknir á henni og útsetningar höfðu afgerandi áhrif á hans eigin tónsköpun, þó ekki í þeim skilningi að hann skreytti verk sín með þjóðlagastefjum heldur hafði hann sökkt sér svo rækilega ofan í heim bændatónlistarinnar að hún líkt og andaði í gegnum hann þótt verk hans væru vitaskuld fyrst og fremst mörkuð hans eigin persónuleika og skapandi tónlistarhæfileikum.

Bartók unni föðurlandi sínu og hefði sjálfsagt borið þar beinin ef ekki hefði komið til umrót síðari heimsstyrjaldarinnar. Hann og kona hans, píanóleikarinn Edith Pásztory, ákváðu að flytjast úr landi og kvöddu Búdapest með hljómleikum 8. október 1940. Þau settust að í New York þar sem við tóku erfið ár. Verkefni voru stopul og efnahagurinn eftir því, auk þess sem heilsu Bartóks hrakaði. Þau hjón áttu þó hauka í horni þar sem voru landar þeirra fiðluleikarinn Joseph Szigeti og hljómsveitarstjórinn Fritz Reiner.

Tónlistin á Íslandi

Sinfóníuhljómsveit Íslands lék konsert Bartóks í fyrsta sinn á tónleikum í Háskólabíói í desember 1972 undir stjórn Páls Pampichlers Pálssonar. Síðan hefur verkið hljómað ellefu sinnum í flutningi sveitarinnar, gjarnan undir stjórn finnskra hljómsveitarstjóra: Osmo Vänskä (1996), Susönnu Mälkki (2010), Pietari Inkinen (2020) og Petri Sakari en sá síðastnefndi hefur í þriggja stjórnað konsertinum á tónleikum Sí, síðast árið 2000.

Þeir leituðust við að greiða götu þeirra í nýja landinu og komu því meðal annars í kring að Sinfóníuhljómsveitin í Boston, sem var undir stjórn Rússans Serge Koussevitzky, pantaði verk hjá tónskáldinu. Bartók hafði þá ekkert samið í nærri þrjú ár en nú varð *Konsert fyrir hljómsveit* til á aðeins tveimur mánuðum haustið 1943. Verkið var frumflutt af Boston-hljómsveitinni við góðar undirtektir þann 1. desember 1944 og við það tækfæri lýsti Bartók byggingu þess svo í efnisskrá:

„Fyrsti og fimmti þáttur eru í nokkurn veginn hefðbundnu sönötuformi. Í úrvinnslu fyrsta þáttar leika málmblásarar fugato-stef; framsaga lokapáttarins er lengd dálítið og úrvinnslan þar er í formi fúgu sem er byggð á lokastefi framsögunnar.

Annar og þriðji þáttur eru ekki jafn hefðbundnir í formi. Meginefni annars þáttar er röð fimm sjálfstæðra kafla sem eru fyrst leiknir á blásturshljóðfæri, tvö og tvö í senn (fagott, óbó, klarínnett, flautur og dempaða trompeta). [...] Þar á eftir fylgir eins konar tríó-kafla – stuttur kórall fyrir málmblásara og trommu – og síðan eru kaflarnir fimm endurteknir í viðameiri útsetningu.

Þriðji þáttur byggist líka á eins konar keðju; hér eru það þrjú stef sem heyrast hvert á eftir öðru og mynda kjarna þáttarins en utan um þau er hjúpur einfaldari stefja. Stefjaefni þáttarins er að mestu sótt í inngangskafla fyrsta þáttar. Byggingu fjórða þáttar – Intermezzo interrotto – mætti lýsa með bókstöfunum A B A – rof – B A.

Ef hinn gáskafulli annar þáttur er undanskilinn, má segja að hugblærinn í verkinu þróist smám saman frá alvöru upphafsþáttarins, gegnum tregafullan sorgaróð þriðja þáttar og yfir í lífsviljann sem birtist í lokapættinum.“

Svanhildur Óskarsdóttir

Sinfóníuhljómsveit Íslands

1. fiðla

Sigrún Eðvaldsdóttir
Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Geirþrúður Ása
Guðjónsdóttir Skelton
Andrzej Kleina
Bryndís Pálsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Lin Wei
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Herdís Mjöll Guðmundsdóttir
Laufey Jensdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir

2. fiðla

Gunnhildur Daðadóttir
Hekla Finnsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Emma Garðarsdóttir
Þórdís Stross
Kristján Matthíasson
Ólöf Þorvarðsdóttir
Ingrid Karlsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir

Víóla

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Sarah Buckley
Kathryn Harrison
Herdís Anna Jónsdóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Anna Elísabet Sigurðardóttir
Svava Bernharðsdóttir

Selló

Sigurgeir Agnarsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Margrét Árnadóttir
Guðný Jónasdóttir
Bryndís Halla Gylfadóttir
Urh Mrak
Bryndís Björgvinsdóttir

Bassi

Xun Yang
Jacek Karwan
Richard Korn
Hávarður Tryggvason
Þórir Jóhannsson

Flauta

Astrid Bjelland
Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau

Óbó

Julia Hantschel
Peter Tompkins
Matthías Nardeau

Klarínett

Grímur Helgason
Símon Karl
Sigurðarson Melsteð
Rúnar Óskarsson

Fagott

Clara Manaud
Bryndís Þórsdóttir
Brjánn Ingason

Horn

Stefán Jón Bernharðsson
Asbjörn Ibsen Bruun
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Adrian Arroyo

Trompet

Joris De Rijbel
Einar Jónsson
Guðmundur Hafsteinsson

Básúna

Jón Arnar Einarsson
Sigurður Þorbergsson

Bassabásúna

David Bobroff

Túba

Tom Yaron Meyerson

Harpa

Katie Buckley
Elísabet Waage

Selesta

Liam Kaplan

Pákur

Soraya Nayyar

Slagverk

Steeff van Oosterhout
Frank Aarnink

Lára Sóley Jóhannsdóttir
framkvæmdastjóri
Valdís Þorkeldsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað
verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri
Dagrún Hálfánardóttir
mannauðsstjóri

Jökull Torfason
verkefnastjóri dagskrárgerðar
Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri
Kristín Björg Björnsdóttir
markaðsfulltrúi
Svanhvit Hrólfsdóttir
fjármálastjóri

Kristbjörg Clausen
nótnavörður
Cameron Anderton
umsjónarmaður nótna
Sigþór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs- og tækni mála
Björk Björgúlfssdóttir
sviðs- og tækni maður

Sinfóníuhljómsveit Íslands á Listahátíð í Reykjavík

01.06 LAUGARDAGUR
KL. 16:00 og 17:00



METAXIS

METAXIS er heitið á nýju verki Önnu Þorvaldsdóttur þar sem alrými sjálftrar Hörpu er í burðarhlutverki, en tónskáldið lýsir verkinu sem innsetningu fyrir tvístraða hljómsveit og rými. Áheyrendum gefst einstakt tækifæri til að kanna tónlistina á virkan hátt út frá ólíkum sjónarhornum með því að ganga um og upplifa við hvert fótmál lagskiptingu tónlistarinnar, flæði tónefnisins og enduróm rýmisins. Hljóðfæraleikararnir dreifast um ólíkar hæðir hússins og blandast með margvíslegum hætti, svo úr verður hrífandi hljóðheimur með margbrotna áferð. Hljómsveitarstjóri er Eva Ollikainen, aðalhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Frumflutningur METAXIS er hluti af opunarhátíð Listahátíðar í Reykjavík 2024 og samstarfsverkefni hátíðarinnar, Hörpu og Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Verkið tekur um hálf tíma í flutningi og aðgangur er ókeypis en bóka þarf aðgöngumiða.

06.06 FIMMTUDAGUR
KL. 19:30



Mahler nr. 3

Þriðja sinfónía Mahlers er heill heimur út af fyrir sig, eins og tónskáldið taldi reyndar að allar sinfóníur ættu að vera. Hún er í senn óður til náttúrunnar og djúphugul, heimspekileg könnun á mannlegu hlutskipti. Mahler hafði hugsað sér að halda lengd verksins í skefjum en þegar andinn var kominn yfir hann varð ekki aftur snúið: „Það er sem straumur sköpunarinnar hafi hrifið mig með sér,“ skrifaði tónskáldið í bréfi. „Ég á mér engrar undankomu auðið!“ Sinfónían varð sú lengsta af öllum 10 sinfóníum hans en hún er í sex þáttum og tekur um eina og hálf klukkustund í flutningi.

Þetta stórvirki Mahlers krefst óvenjustórrar hljómsveitar og með Sinfóníuhljómsveit Íslands syngja hin þýska Christina Bock, mezzosópran, kvennakórinn Vox feminae, Kammerkórinn Aurora og Stúlkna-kór Reykjavíkur.

Tónleikarnir eru samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Sinfóníuhljómsveitar Íslands og það er Eva Ollikainen, aðalhljómsveitarstjóri sveitarinnar, sem stýrir flutningnum.

TÓNLEIKAR, ENDALAUS SÓL OG NATTURUFEGURÐ.

17.—22.06.2024 Ísafirði

HÁTÍÐARPAKKAR OG TÓNLEIKAMIÐAR
Á VIDDJUPIÐ.IS

LISTAMENN

ARTISTS

Orchester im Treppenhaus [DE] Hljómsvölt
Orchestra

Herdís Anna Jónasdóttir [IS] Sópran
Soprano

Moritz Ter-Nedden Flöla
Violin

Christine Köhler [DE] Flauta
Flute

Goran Stevanovic [BA] Harmonika
Accordion

Ellis Ludwig-Leone [US] Tónskáld
Composer

Eliza Bagg [US] Söngur
Vocalist

Antigone [US] Trío
Trio

Sæunn Þorsteinsdóttir [IS] Selló
Cello

Halldór Smáráson [IS] Tónskáld
Composer

Errata [IS] Tónskáld
Composers

Cauda Collective [IS] Kvartett
Quartet

Thomas Posth [DE] Hljómsveitarstjóri
Conductor

@VIDDJUPIÐ

VIDDJUPIÐ.IS

VIÐ DJÚPIÐ ÍSAFJÖRÐUR [66°4'N]
[23°6'V]



TÓNLISTARHÁTÍÐ, SUMARNÁMSKEIÐ, 17.—22.06.2024,